



Laun á Íslandi hafa hækkað mikið gagnvart öðrum Evrópulöndum á síðustu árum

Frá 2008 til 2019 hækkuðu laun á Íslandi mæld í evrum um 84,4% á meðan þau hækkuðu að meðaltali um 28,7% innan ESB. Á árinu 2008 voru laun á Íslandi þau 15. hæstu á EES-svæðinu, mælt í evrum. Frá árinu 2016 hefur Ísland verið í 4.-5. sæti. Á árinu 2012 voru laun hér á landi mæld í evrum jafn há meðaltali ESB mælt í evrum. Í fyrra voru laun á Íslandi rúmlega 60% hærri.

Launabróun hagstæð síðustu ár

Frá árinu 2007 til og með 2019 hækkaði launavísitalan hér á landi um 99,6%, eða um 6% á ári að jafnaði. Kaupmáttur jókst um 30% á þessu tímabili og er aukningin öll tilkomin frá og með árinu 2014 þar sem kaupmáttur lækkaði töluvert árin á undan í kjölfar hrunsins.

Launavísitalan hækkaði minnst á tímabilinu um 3,9% á árinu 2009 og mest um 11,4% á árinu 2016.

Krónan hefur mikil áhrif


Þar sem Ísland er mjög lítið og opið hagkerfi með sjálfstæðan gjaldmiðil skiptir gengi krónunnar miklu máli þegar við berum okkur saman við aðrar þjóðir, hvort sem um er að ræða verð á innfluttum vörum eða launakostnað. Á tímabilinu frá 2008 til 2019 lá gengi krónunnar gagnvart evru á bilinu 120-173 krónur. Meðaltalið var um 147 krónur, þannig að sveiflurnar hafa verið töluverðar á tímabilinu, allt að 20% í hvora átt fyrir sig.

Laun hafa hækkað mun meira hér á landi

Frá 2008 til 2019 hækkuðu laun ríkja ESB að meðaltali um 28,7% mælt í evrum, eða að jafnaði um 2,1% á ári. Laun hér á landi hækkuðu á sama tíma um 84,4% mælt í evrum, eða um 5,2% að jafnaði á ári. Á árunum fram til 2012 voru laun mæld í evrum svipuð hér á landi og að meðaltali innan ESB en frá 2016 hafa laun hér verið vel yfir meðaltali.


Á árunum 2008 og 2012 var Ísland í 15. og 16. sæti EES-ríkja hvað upphæð launa varðar, mælt í evrum. Á árunum 2016-2019 var Ísland í 4.-5. sæti í þessum samanburði. Á árinu 2012 voru laun á Íslandi þau

Launavísitala og kaupmáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Miðgengi krónunnar gagnvart evru



Heimild: Seðlabanki Íslands

Meðaltímakaup í evrum



Heimild: Eurostat



sömu og meðaltalið innan ESB, en á árinu 2019 voru þau rúmlega 60% hærrí á Íslandi.

Þróun innan helstu samanburðarlanda

Frá 2012 til 2019 hækkuðu laun hér á landi um 79% mælt í evrum. Á sama tíma hækkuðu laun í Þýskalandi um 17% og lækkuðu í bæði Svíþjóð og Noregi, um 3% og 11%. Gengi sænsku og norsku krónunnar skiptir máli fyrir þessa þróun, sérstaklega þá norsku. Það er því ljóst að þróunin hér á landi hvað laun varðar hefur verið mjög frábrugðin því sem verið hefur meðal þessara landa. Í því sambandi má auðvitað taka fram að þetta tímabil er nokkuð einstakt hér á landi hvað kaupmáttarþróun varðar.

Launastig í helstu samanburðarlöndum

Þau lönd sem við berum okkur helst saman við eru jafnan með hvað hæst launastig innan EES. Á árinu 2019 var það einungis Lúxemborg sem komst í hóp þessara ríkja. Á árinu 2019 var launakostnaður hæstur í Noregi, þrátt fyrir að hann hafi staðið í stað í nokkur ár. Úr þessum ríkjahópi komu Danir næstir með 89% af launakostnaði Norðmanna og við Íslendingar þar á eftir með um 83% af m.v. Norðmenn. Þar á eftir kom nokkuð bil niður að Svíum sem voru með 72% af launakostnaði Norðmanna. Launakostnaður í Bretlandi var einungis um 57% af kostnaði Norðmanna.

Mikil breyting hér á landi


Launastig hér á landi hefur augljóslega hækkað verulega á síðustu árum í samanburði við önnur Evrópuríki, mælt í sömu mynt. Þannig hefur kaupmáttur okkar gagnvart þessum ríkjum aukist mikið. Hin hliðin á þeim peningi er að kaupmáttur Evrópuríkja gagnvart okkur hefur minnkað sem að öllu jöfnu hefur áhrif á kaup Evrópubúa á vörum og þjónustu frá okkur, þar á meðal ferðaþjónustu.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Laun í evrum frá 2012



Launakostnaður í evrum 2019

